



Skólaráðsfundur 13.október 2016

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Hallveig Fróðadóttir kennari, Lilja Stefánsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Geirný Geirsdóttir fulltrúi foreldra, Kristján Carlsson Gränz fulltrúi foreldra og grenndarsamfélags, Sigmundur Már Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný L. Lárusdóttir fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Garðar Ingi Róbertsson formaður nemendafélags skólans, Veigar Páll Alexandersson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundaritari). Anna Birna Gunnlaugsdóttir, fulltrúi kennara, boðaði forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, kynnti starf og hlutverk skólaráðs og fundarmenn kynntu sig.
2. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, kynnti verklag við endurskoðun skólanámskrár en skólanámskrá er gefin út núna 2016 og gildir í 3 ár eða til 2019. Þá var farið yfir skólanámskrána og athugasemdir teknar fyrir, ræddar og leiðréttar ef það átti við. Síðan var farið yfir starfsáætlun skóla sem er uppfærð fyrir hvert skólaár og sami háttur hafður á við yfirferð hennar. Fundarmenn höfðu fengið skólanámskrá skólans og starfsáætlun í tölvupósti fyrir fund svo yfirferðin gekk vel. Ásgerður Þorgeirsdóttir bar svo upp til samþykktar skólanámskrána og starfsáætlunina og voru þær samþykktar af öllum fundarmönnum með undirskrift. Skólanámskráin og starfsáætlunin verður svo send til fræðsluráðs Reykjanesbæjar til samþykktar.
3. Rætt um breytingar á skóladagatali Njarðvíkurskóla en lagt er til að færa starfsdag sem átti að vera 16. janúar 2017 fram til 25. nóvember 2016 þar sem okkur býðst að vera með öðrum skólum í Reykjanesbæ á fyrirlestri um kennslu á tækniöld. Búið er að bera breytinguna undir starfsmannahópinn og var hún samþykkt þar. Breytingin var borin undir fundarmenn skólaráðs til samþykktar og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum með undirskrift.
4. Önnur mál:
  - a. Kristján Gränz hrósaði skólanum fyrir skyndihjálparnámskeið sem nemendur í 10. Bekk fengu í heilsu- og forvarnarviku Reykjanesbæjar. Í framhaldi var rætt um mikilvægi slíkrar kennslu í skólastarfi, bæði fyrir nemendur og starfsfólk.
  - b. Ásgerður vakti athygli á nýrri Menntastefnu Reykjanesbæjar og fór stuttlega yfir hvernig sú stefna var unnin. Fundarmenn hvattir til að kynna sér Menntastefnuna.
  - c. Ásgerður sagði frá að skólabyrjun fer vel af stað.
  - d. Garðar Ingi, formaður nemendaráðs, sagði frá hugmynd nemendaráðs um að selja snarl í frímínútum fyrir þá sem gleyma nesti. Hugmyndin rædd, kostir og gallar, en ákveðið að nemendaráð útfæri hugmyndina betur og komi henni til stjórnsenda.
  - e. Næsti fundur verður fyrir jól og verður þá farið yfir niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. og 7. bekk auk annars.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri